



Morgunblaðið, 23.06.2018, síðu 22  
grein stærð: 397.12 sm2  
grein hæð: 25.90 sm

# Fundu óvænt fornan skála í Ólafsdal

## SVIÐSLJÓÐ

Guðmundur Magnússon  
gudmundur@mbl.is



**S**ex manna hópur frá Fornleifastofnun Íslands rannsakar nú rústir af skála frá fyrstu öldum Íslandsbyggðar innarlega í Ólafsdal í Gilsfirði. Að sögn Birnu Lárusdóttur fornleifafræðings, sem stjórnar verkinu, uppgötvuðust minjarnar fyrir ári þegar unnið var að skráningu fornleifa í dalnum á vegum Minjaverndar. „Hér í dalnum er allveg ótrúlegt menningarlandslag, sérstaklega miklar og merkilegar búnaðarminjar frá 19. og 20. öld,“ segir Birna, „en það kom okkur algjörlega á óvart að rekast þarna á allt annað tímabelti.“

Birna segir að í fyrrrahaust hafi verið grafinn könnunarskurður og komið niður á gólfag og eldstæði. Öskusýni sem send voru til aldursgreiningar í Glasgow benda til þess að rústin sé frá 9. eða 10. öld.

Ákveðið var að rannsaka rústirnar betur og fékkst til þess 4 milljóna króna styrkur úr Fornminjasjóði í vor og síðan hefur Minjavernd bætt öðru eins við, en félagið hefur með samningi við fjármálaráðuneytið frá 2015 tekið að sér að stýra uppbyggingu Ólafsdals sem sögu-, minja- og ferðamannastaðar.

Rústir skálans eru á Tungunni innarlega í Ólafsdal, milli Ólafsdalsár og Hvarfdalsár.

„Staðan er þannig núna að við erum búin að taka ofan af allri byggingunni, sem er rúmlega 20 metrar á lengd, og við sjáum vel allar útlínur og veggir og erum að hreinsa okkur niður á alvöru mannvistarleifar,“ segir Birna. Hún segir að þótt útlínur skálans séu hefðbundnar sé byggingin talsvert flókinn til rannsóknar þar sem greinilegt sé að byggt hafi verið við hana og hún endurbætt á ýmsan hátt þegar hún var í notkun. Hún telur líklegt að búið hafi verið í skálanum í nokkra áratugi, en síðan hafi hann verið yfirgefinn.

„Það er hvergi vikið að fornbæ á þessum slóðum í neinum ritheimildum sem okkur er kunnugt um,“ segir Birna. Örnefni gefi heldur ekki neinar vísbendingar um forna byggð á staðnum. Í grennd við skálann séu rústir fleiri bygginga sem líklega eru skepnuhús og verða



Ljósmynd/Fornleifastofnun Ísla

**Forn skáli** Vel má sjá útlínur skálans sem er rúmlega 20 metrar að lengd. Aldursgreining bendir til þess að búið hafi verið í honum á 9. eða 10. öld.

þær einnig rannsakaðar. Í sumar verður aðeins unnið að uppgreftri fram í fyrstu viku næsta mánaðar, en þráðurinn síðan tekinn upp næsta sumar. Rannsóknarverkefnið er til þriggja ára til að byrja með.

## Fyrsti bændaskólinn

Í Ólafsdal stofnaði Torfi Bjarnason fyrsta bændaskóla á Íslandi árið 1880 og rak hann til 1907. Búskapur var þar áfram fram yfir 1970. Frá 1974 og framundir 1990 var skólasel á vegum Menntaskólans við Sund í gamla skólahúsinu. Með samtökum var húsinu forðað frá eyðileggingu á árunum 1995 til 1996, en endurreisn staðarins hófst síðan 2008 þegar Ólafsdalsfélagið var stofnað. Ólafsdalur er ríkisjörð en leigð til félagsins samkvæmt sérstökum samningi.

Í bændaskóla Torfa Bjarnasonar innrituðust 156 skólasveinar af öllu landinu og lærðu þar jafnt verkleg sem bókleg fög. Námstíminn var frá vori til vors og námstíminn tvö ár. Ólafsdalssveinarnir létu mjög að sér kveða eftir útskrift úr skólanum og urðu flestir mjög áberandi, hver í sínu samfélagi, félagsmálafrömuðir, kennarar og virkir í sveitarstjórnnum. Torfi kom upp mörgum byggingum í Ólafsdal. Sú mesta er skólahúsið frá 1896 sem enn stendur.

## FORNLEIFARÖLT



Ólafsdalur Minjar eru um blómlegt mannlíf og starfsemi.

## Leiðsögn um staðinn

Á mánudaginn 25. júní kl. 19.30 mun Birna Lárusdóttir fornleifafræðingur leiða svokallað fornleifarölt í Ólafsdal.

Gangan hefst á hlaðinu í Ólafsdal og er rétt tæpur kílómetri hvora leið. Staldrad verður við á nokkrum áhugaverðum stöðum á leiðinni að skálarústinni.

Þegar þangað er komið verður sagt frá byggingunni, vinnubrögðum við fornleifarannsóknir og nálægar rústir skoðaðar.